

Top trumps - leiðbeiningar

Byrja á því að stokka og gefa öll spilin jafnt á milli leikmanna. Spilin eiga að snúa niður í bunka fyrir framan hvern og einn.

Sá sem er vinstra megin við þann sem gaf byrjar. Allir velja efsta spilið í bunkanum og líta á það. Sá sem byrjar velur einhverja staðreynd í listanum á spilu sínu (t.d. styrkur: 10) og þá líklega einhverja með háu stöðugildi. Sá sem er með hæsta stöðugildið (tölu við þessa staðreynd) vinnur öll spilin þennan umgang. Þau spil auk spilsins sem hann dróg fara undir bunka þess sem vinnur umganginn.

Sá sem vinnur umganginn fær að byrja í næsta umgangi.

Ef tveir eða fleiri eru með sama stöðugildi eða þá að stöðugildið er 0 þá eru öll spilin þann umgang lögð í miðjuna og sá leikmaður sem vinnur næsta umgang fær þau auk spilanna fyrir þann umgang (s.s. tvöfaldan bunka). Leikmaðurinn sem dróg fyrst og átti sögn þegar þetta gerðist gerir þá aftur (dregur spil og velur stöðugildi).

Sá leikmaður sem er með öll spilin í endan vinnur.